



**467.fundur Þingvallanefndar**  
**11.mars 2020**  
**Skrifstofa Þingvallanefndar**  
**Austurstræti 12. klukkan 11.30.**

Mættir: Ari Trausti Guðmundsson, Vilhjálmur Árnason, Líneik Anna Sævarsdóttir, Guðmundur Andri Thorsson, Hanna Katrín Friðriksson og Karl Gauti Hjaltason mætir í upphafi fundar og fer fyrr. Páll Magnússon sendir varamann Bryndísi Haraldsdóttir sem mætir aðeins eftir að fundur er settur. Gestur: Þráinn Hauksson Landslag ehf. Auk þeirra sat fundinn Einar Á. E. Sæmundsen Þjóðgarðsvörður og Fanney Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Ari Trausti býður nefndina velkomna og setur fund.

Dagskrá:

1. Staða deiliskipulag. Gestur: Þráinn Hauksson Landslag ehf. Þráinn Hauksson landslagsarkitekt hjá Landslagi ehf. fjallaði um vinnu við deiliskipulagið og kynnti hvar vinnan er stödd. Megináherslur við vinnuna er að gera flæði ferðamanna skýrara, fækka bílastæðum fyrir neðan Almagnagjá og færa þau upp fyrir og opna á nýja aðkomu norðan við Öxará að þingstaðnum forna. Vinnan er byggð á stefnumörkun Þingvallanefndar. Umræður og spurningar er vörðuðu ýmis atriði, almenningsamgöngur, veitingaaðstöðu, nýja aðkomu. Samþykkt að Þingvallanefnd fjalli frekar um vinnuna á næsta fundi.
2. Viðbragðsáætlun Þjóðarðsins á Þingvöllum vegna heimsfaraldurs inflúensu Þjóðgarðsvörður kynnir viðbragðsáætlun Þjóðarðsins á Þingvöllum og fer yfir helstu þætti í henni er varða starfsemina. Hún er í samræmi við leiðbeiningar stjórnarráðsins og tekur á helstu þáttum í starfsemi Þjóðgarðsins. Áhersla lögð á að fylgja leiðbeiningum yfirvalda og að fylgjast vel með upplýsingum.
3. Umsókn um styrk vegna fornleifarannsókna á bátsflaki. Lögð fyrir umsókn frá Hilmarí Malmquist hjá Náttúruminjasafni Íslands og Bjarna F. Einarssyni frá Fornleifafræðistofunum um 6.mkr styrk til rannsókna á bátsflaki sem fannst af tilviljun á botni Þingvallavatns innan Þjóðgarðsins. Þjóðgarðsvörður gerir stuttlega grein stöðu fornleifaskráningar og rannsókna innan Þjóðgarðsins í tengslum við bátsflakið. Þjóðgarðsvörður greinir einnig frá því að ekki hafi fengist styrkur úr Fornminjasjóði til fornleifaskráningar og annarra rannsókna í ár á vegum Þjóðgarðsins né til rannsókna á bátsflakinu á vegum

umsækjenda. Rætt um fjármagn til ráðstöfunar og forgangsröðun þess til rannsókna á fornleifum en ytri aðstæður munu hafa mikil áhrif á sértekjur Þjóðgarðsins á árinu vegna Covid19. Þjóðgarðsvörður greinir frá að hann hafi sett til hliðar fornleifarannsóknir á vegum Þjóðgarðsins vegna óvissu í fjárhagsstöðu Þjóðgarðsins.

Þingvallanefnd hafnar að veita styrk til rannsókna á bátsflakinu.

Önnur mál:

Burðarþolsrannsókn

Þjóðgarðsvörður: kynnir tillögu að burðarþolsrannsókn fyrir sama svæði og deiliskipulag sem er í vinnslu.

Útboð á bílastæðainnheimtu-kæra- niðurstaða útboðs

Umræðu frestað

Vöktun á Þingvallavatni. Samningur til kynningar.

Umræðu frestað

Fundi slitið